



REKSTRARFÉLÖG VERÐBRÉFASJÓÐA

1. útgáfa

Efnisyfirlit

Lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði	4
I. kafli. Almenn ákvæði	4
II. kafli. Verðbréfasjóðir	4
Reglugerð 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjör	5
III. kafli. Innlausn	5

Lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði

I. kafli. Almenn ákvæði

Spurning 1: Hvenær telst innlán jafnframt vera peningamarkaðsgerningur skv. 7. tölul. 1. mgr. 2. gr.?

Svar 1: Þegar gefið er út innláns-skilríki sbr. 114. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði viðskiptabréfa og líftími eða endurmatstímabil þess er ekki umfram 397 daga. Innlán, þ.m.t. svokallaðir innláns-samningar, teljast ekki til peningamarkaðsgerninga nema innláns-skírteini hafi verið gefið út.

II. kafli. Verðbréfasjóðir

Spurning 1: Hvaða markaði viðurkennir Fjármálaeftirlitið samkvæmt b. og c. lið 1. tölul. 1. mgr. 30. gr.?

Svar 1: Þeir markaðir sem opnir eru almenningi, starfa reglulega og lúta eftirliti eftirlitsstjórnvalds sem telst vera fullgildur (e. ordinary) meðlimur í alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (IOSCO) séu viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

Spurning 2: Hvernig ber að leggja mat á hvort eignasafn verði innan takmarkana samkvæmt 2. – 4. tölul. 40. gr. ef ekki er unnt að reikna hlutfall fjárfestingar þegar fjárfesting á sér stað?

Svar 2: Ef ekki er unnt að reikna hlutfall fjárfestingar samkvæmt 2. – 4. tölul. 40. gr. á þeim tíma þegar fjárfesting á sér stað skal verðbréfasjóður reikna hlutfall um leið og fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir. Ef fjárfesting er umfram leyfileg mörk 2. – 4. tölul. 40. gr. laganna þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir skal fara með fjárfestinguna í samræmi við 43. gr.

Ef fyrirsjáanlegt er við töku ákvörðunar að ekki sé unnt að reikna hlutfall til framtíðar er fjárfesting óheimil.

Spurning 3: Á að miða við hlutfall fjárfestingar samkvæmt 40. gr. við heildarfjölda útgefinna bréfa eða útistandandi bréf, þ.e. útgefin bréf að frádregnum eigin bréfum útgefanda?

Svar 3: Miða skal hlutfall fjárfestingar við heildarfjölda útgefinna bréfa.

Spurning 4: Er verðbréfasjóðum heimilt að fjárfesta í einkahlutafélögum?

Svar 4: Fjármálaeftirlitið telur að fjárfestingar í einkahlutafélögum séu verðbréfasjóðum ekki heimilar þar sem fjárfesting í einkahlutafélögum fellur ekki undir neina af fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða skv. f. hluta II. kafla laganna.

Spurning 5: Hvernig skal tilkynna skv. 43. gr. ef fjárfesting hefur farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögnum?

Svar 5: Tilkynningar skv. 43. gr. skulu berast í gegnum þjónustugátt Fjármálaeftirlitsins.

Spurning 6: Hversu fljótt skal tilkynna til Fjármálaeftirlitsins um að fjárfesting verðbréfasjóðs hafi farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögnum?

Svar 6: Samkvæmt 43. gr. skal tilkynning berast án tafar. Í framkvæmd hefur Fjármálaeftirlitið miðað við að tilkynning berist innan sólarhrings frá því að upp komst að fjárfesting hafi farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögnum.

Spurning 7: Hversu fljótt skulu úrbætur gerðar þegar fjárfesting fer fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögnum?

Svar 7: Samkvæmt 43. gr. skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Að mati Fjármálaeftirlitsins felst í framangreindu að sjóðnum ber að selja eða grípa til annarra ráðstafana til að ná lögmæltu hámarki án ástæðulauss dráttar. Í því felst að sjóðnum sé þá þegar skylt að leita tilboða í eignina og selja fáist viðunandi markaðsverð fyrir séu aðrar ráðstafanir ekki tækar. Í tengslum við framangreint er áréttað að Fjármálaeftirlitið lítur svo á að sjóðnum sé óheimilt, þrátt fyrir væntingar um bættar markaðsaðstæður eða aukið innflæði, að fresta sölu seljanlegra eigna sjóða sem eru umfram fjárfestingarheimildir laganna.

Reglugerð 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf

III. kafli. Innlausn

Spurning 1: Hvernig skal meta markaðsvirði fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sé dagslokagengi ekki fyrir hendi á útreikningsdegi innlausnarvirðis?

Svar 1: Sé dagslokagengi ekki fyrir hendi á útreikningsdegi innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina telur Fjármálaeftirlitið að túlka beri 2. mgr. 4. gr. reglugerðar 1166/2013 til samræmis við meginreglu 1. mgr. 28. gr. laga nr. 128/2011 og 1. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar. Í framangreindri meginreglu felst að sé skráðu dagslokagengi ekki fyrir að fara á útreikningsdegi innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina skuli rekstrarfélag meta hvort markaðsaðstæður hafi breyst í þá veru að síðasta skráða dagslokagengi endurspegli ekki raunverulegt virði fjármálagernings. Við slíkar aðstæður skal virði fjármálagernings fara skv. 5. gr. reglugerðar 1166/2013 og vera háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstrarfélag skal jafnframt halda skrá yfir mat slíkra eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur fyrir mati á eignunum.

